

19 12. febrúar 1940. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Theódór Friðrik Hjálmar Theódórsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ólafs Þorgrímssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 300.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 13. nóvember 1950.

Nr. 67/1948. **Pétur Ingjaldsson** (Gústaf A. Sveinsson)
 gegn
Óla Barðdal (Magnús Thorlacius).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
 í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Skaðabætur vegna galla á seldri íbúð.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi fékk leyfi til að skjóta máli þessu til Hæstaréttar hinn 26. maí 1948 svo og nóvaleyfi hinn 11. október 1948. Með stefnu, dags. 31. maí 1948, hefur hann áfrýjað dómi í málinu svo og fjárnámi, gerðu hinn 28. maí 1948 til tryggingar dómkröfunni, og krefst þess, að hann verði sýkn dæmdur af kröfum stefnda, fjárnámið verði fellt úr gildi og stefnda

verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hinar áfrýjuðu dómsathafnir, dómur og fjárnám, verði staðfestar og áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess, að dómur Hæstaréttar í máli þessu verði einungis reistur á þeim gögnum, sem lágu fyrir héraðsdómara, en þeim nýju gögnum, sem lögð hafa verið fram í Hæstarétti, verði ekki gaumur gefinn. Þar sem áfrýjandi kom ekki fyrir dóm í héraði, þykir reglan um afdráttarlausan málflutning ekki eiga að valda því, að áfrýjandi megi ekki koma að nýjum gögnum í Hæstarétti samkvæmt leyfi, sbr. 98. gr. laga nr. 85/1936.

Málavextir eru þessir: Hinn 14. maí 1946 seldi áfrýjandi stefnda þriggja herbergja íbúð á neðri hæð í vesturenda hússins Innra-Sæbóls í Egilsstaðalandi við Nesveg í Seltjarnarneshreppi ásamt geymslu og hálfu þvottaherbergi í kjallara. Stefndi fékk hina seldu íbúð þegar til afnota og fluttist í hana. En er hann hafði dvalizt þar um nokkurn tíma, taldi hann sig hafa sannreynt, að íbúðin væri haldin ýmsum göllum. Fyrir því ritaði hann hinn 17. desember 1946 héraðsdómara bréf, lýsti því, að „mikil brögð hafi verið að raka í íbúðinni og jafnvel borið á leka sums staðar“, taldi sig eiga kröfu á bótum á hendur áfrýjanda fyrir samningsrof og beiddist dómkvaðningar tveggja óvilhallra manna „til þess að skoða íbúðina og athuga frágang hennar allan sem og hússins yfirleitt“, enda meti hinir dómkvöddu menn, „hve mikið muni kosta í peningum að bæta úr göllum á íbúðinni.“ Einnig beiddist hann mats á sjálfri íbúðinni til verðs. Til starfa þessa dómkvaddi héraðsdómari hinn 21. desember 1946 þá Sigurð Jónsson hreppstjóra og Erlend Einarsson múrarameistara. Kváðu þeir upp mat sitt hinn 4. janúar 1947. Lýsa matsmenn íbúðinni svo: „Við athugun á íbúð Óla Barðdal kom í ljós, að allir útveggir og flestir innveggir virðast draga í sig raka, þar sem þeir voru víða blautir inni í stofunum, en einkum þó þar sem húsgögn stóðu við veggina. Var málningin víða flögnuð af veggjum, sérstaklega neðan til. Þá virðast leiðslur leka,

sem innmúraðar eru, því að þar hafði sums staðar málning flagnað af vegna rakans. Þá virðist leka allmikið með glugga-körnum, sérstaklega í miklum rigningum, og jafnvel eftir þær. Var regn þann dag, er skoðun okkar fór fram, og sáum við vatnið í gluggunum. Málningin ber það einnig með sér, að um langvarandi raka er að ræða.“ Töldu undirmatsmenn, að kosta mundi kr. 12825.95 að bæta úr nokkrum göllum, en meta ekki kostnað af því að bæta úr raka á veggjum. Með bréfi, dags. 10. febrúar 1947, beiddist stefndi þess, að héraðsdómari dómkveddi þrjá óvilhalla menn til að framkvæma yfirmat á göllum á íbúðinni svo og á verðmæti hennar. Hinn 29. marz 1947 dómkvaddi héraðsdómari þá Bergsvein Guðmundsson trésmíðameistara, Helga Kristjánsson húsasmíðameistara og Sigurð Flygenring verkfræðing til að framkvæma yfirmatið. Kváðu þeir matið upp hinn 17. maí 1947. Um útlit íbúðarinnar vísa yfirmatsmenn „í öllum aðalatriðum“ til undirmatsgerðar. Sundurliða þeir síðan í fimm liðum, hvernig viðgerð þurfi að haga til þess að bæta úr göllum á íbúðinni, og meta kostnað af viðgerð á kr. 16790.00, en íbúðina sjálfa í fullkomnu lagi telja þeir virði kr. 66000.00. Stefndi höfðaði síðan mál á hendur áfrýjanda til greiðslu kr. 16790.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 17. desember 1946 til greiðsludags og málskostnaðar. Áfrýjandi hvorki sótti né lét sækja þing, þótt honum væri löglega stefnt, og var málið því dæmt samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 og kröfur stefnda teknar til greina að öðru en því, að vextir voru reiknaðir frá stefnudegi. Hinn 28. maí 1948 var síðan gert fjárnám í neðstu hæð hússins nr. 24 við Ásvallagötu í Reykjavík, sem er eign áfrýjanda, til tryggingar dómskuldinni ásamt kostnaði.

Hinn 27. október 1948 ritaði umboðsmaður áfrýjanda héraðsdómara bréf og beiddist dómkvaðningar tveggja óvilhallra manna „til að skoða íbúðina og semja ýtarlegt álit um ástand hennar,“ enda sé matsmönnunum m. a. gert að lýsa raka og öðrum göllum, ef nokkrir eru, og meta kostnað af viðgerð á þeim. Héraðsdómari kvaddi hinn 29. s. m. til þessa starfa byggingarmeistarana Björn Rögnvaldsson og Skafta Ólafsson. Skiluðu þeir hinn 9. nóvember 1948 mjög rækilegri mats-

gerð. Kveða þeir, að „áberandi raki“ sé í íbúðinni, þó mismunandi mikill í einstökum herbergjum. Þeir segja enn m. a. : „Áberandi raki er í einangrun útveggja niðri við gólf. Gólf-dúkar hafa losnað úr líminu og skemmzt, sérstaklega í norðurstofu og innra gangi“. Orsakir rakans telja þeir óvandaðan frágang á undirstöðum og botnplötu. Benda þeir á, að jarðvegur undir húsinu og umhverfis það sé mjög blautur og að yfirborð jarðvegs við norðurhlið hússins, þar sem mestur rakinn er inni, sé í sömu hæð og efri brún á gólfplötu, en utan á veggj sé ekki múrhúðað nema að jarðlínu eða sem svarar niður á hálfa þykkt gólfplötunnar, svo að auðveldlega sigi vatn undir og upp í gegnum gólfplötuna. Enn segja þeir, að í innri forstofu sé rauf í gólfinu, þar sem í er lögð hitavatns-pípa, en upp úr þessari rauf komi bleyta og gufa. Líti svo út, að vatn sé í raufinni og rörið sé illa einangrað, því að gólfdukur þar yfir sé gerónýtur vegna bleytu og hita.

Þá telja þeir og frárennsliskerfi hússins ábótavant, t. d. undir útitröppum, þar sem anddyri sé fyrir íbúðina, en ekkert niðurfall. Þar safnist fyrir mikið vatn, sem óhindrað geti runnið inn í húsið, ef þess sé ekki gætt að ausa því burt í tæka tíð. Matsmenn lýsa þeim viðgerðum rækilega, er þeir telja nauðsynlegar til þess að bæta úr göllunum, og meta kostnað af endurbótum á kr. 16132.00. Hafa matsmenn þessir síðar látið í té mjög sundurliðaða greinargerð um viðgerðarkostnaðinn og staðfest matsgerðina fyrir dómi.

Matsgerð Björns Rögnvaldssonar og Skafta Ólafssonar er rækilegust og fullkomnust þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu. Er því rétt að leggja hana til grundvallar, en sönnun brestur gegn mótmælum áfrýjanda, að honum hafi verið gert við vart um, hvenær yfirmatsgerðin skyldi fram fara. Af gögnum málsins er ljóst, að um er að tefla byggingargalla, sem stefnda verður ekki gefið að sök, þótt hann sæi ekki, er kaup gerðust. Verður því að telja áfrýjanda ábyrgan gagnvart stefnda á göllunum, enda hefur hann, eins og göllunum er háttað, ekki fyrirgert bótarétti sínum með því að kvarta of seint undan þeim. Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda kr. 16132.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1948 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð að því er varðar kr. 16132.00 ásamt vöxtum og kostnaði.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 2000.00.

Það athugast, að héraðsdómara hefði verið rétt að dæma mál þetta ásamt samdómsmönnum, sbr. 200. gr., 3. tl., laga nr. 85/1936, og að lýsingu á málsatvikum skortir í dóminn, sbr. 190. og 193. gr. laga nr. 85/1936.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Pétur Ingjaldsson, greiði stefnda, Óla Barðdal, kr. 16132.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1948 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað í héraði svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð að því er varðar kr. 16132.00 ásamt vöxtum og kostnaði staðfestist.

Áfrýjandi greiði stefnda kr. 2000.00 málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. febr. 1948.

Mál þetta, er dómtekið var 5. þ. m., hefur Óli Barðdal sjómaður, Sólbergi, Seltjarnarneshreppi, höfðað fyrir bæjarþinginu eftir árangurslausa sáttaumleitan með stefnu útgefinni 27. janúar 1948 gegn Pétri Ingjaldssyni verkamanni, Ásvallagötu 24, hér í bænum, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 16790.00 með 6% ársvöxtum frá 17. desember 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur hvorki sótt þing né sækja látið, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir ákvæðum 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar eð þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir reiknast frá stefnudegi.

Málskostnaður ákveðst kr. 1900.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Pétur Ingjaldsson, greiði stefnanda, Óla Barðdal, kr. 16790.00 með 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1948 til greiðsludags og kr.

1900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Reykjavíkur 28. maí 1948.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jóhann Steinason cand. jur. vegna Magnúsar Thorlacius hrl. og krefst fjárnáms til tryggingar skuld samkvæmt nefndum dómi að upphæð kr. 16790.00 með 6% ársvöxtum frá 27. janúar 1948 til greiðsludags, kr. 1900.00 í málskostnað, kr. 21.00 fyrir endurrit og birtingu auk alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Pétur Ingjaldsson, er ekki mættur, en af hans hálfu mætir kona hans, Stefanía Erlendsdóttir, og kveðst ekki geta greitt kröfuna, enda segir hún, að ætlunin sé að áfrýja málinu til Hæstaréttar. Fógeti skoraði þá á hana að vísa á eignir, er gerðarþoli ætti og gera mætti fjárnám í og brýndi fyrir henni að skýra rétt frá.

Mætta vísaði nú á neðstu hæð hússins nr. 24 við Ásvallagötu til fjárnáms.

Fógeti lýsti því yfir, að hann gerði fjárnám í nefndri hæð til tryggingar framangreindri skuld auk alls kostnaðar áfallins og áfallandi að geymdum betra rétti þriðja manns. Fallið var frá virðingu.

Fógeti brýndi fyrir mættu af hálfu gerðarþola að skýra gerðarþola frá fjárnáminu og að honum væri óheimilt að ráðstafa hinu fjárnumda, þannig að í bág bryti við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 15. nóvember 1950.

Nr. 22/1950. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson)

gegn

Jóni Guðjónssyni (Einar B. Guðmundsson)

og

Tómasi Jochumssyni (Egill Sigurgeirsson).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jóns
Ásbjörnssonar og hrd. Jónatans Hallvarðs-
sonar.

Brot á siglingareglum. — Manndráp af gáleysi.

Dómur Hæstaréttar.

Meginorsök árekstrar þess, er í málinu greinir, má rekja til þess, að v/b Stígandi beygði til stjórnborða og í veg fyrir